

**Nd.**

## **273. Nefndarálit**

um frv. til laga um loftvarnaráðstafanir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Miðast breytingartillögur nefndarinnar, er hér fara á eftir, fyrst og fremst við það, að ekki sé einhlitt að einskorða varnirnar við ráðstafanir gegn loftárásum, þó að þær hljóti að vísu að vera aðalatriðið, heldur verði að hafa í huga hernaðaraðgerðir yfirleitt, hvers eðlis sem eru. Í annan stað þykir nefndinni ekki verða komið hjá að gera ráð fyrir þeim hörmungum, að fólk neyðist til að flýja heimili sín undan hernaði, ef til vill mjög skyndilega og hópum saman úr þéttbýli. Ef slíkt kemur fyrir, er auðsætt, að róttækra aðgerða getur orðið þörf þvilíku flóttafólki til fulltingis.

### **BREYTINGARTILLÖGUR.**

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Bæjar- eða sveitarstjórnun er heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

II. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkv. lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda), er skipaðar skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annars staðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir, en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

III. Við 4. gr.

1. Fyrri málsliður orðist svo:

Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum eftir fyrir-mælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda, svo og að hlýða öllum fyrir-mælum og reglum varðandi slíkar ráðstafanir, þar á meðal að taka þátt í fyrir-skipuðum æfingum.

2. Aftan við greinina bætast tvær nýjar greinar, er verða 5. og 6. gr., svo hljóð-andi:

a. (5. gr.) Ef brýna nauðsyn ber til, að fólk flýi hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, er ríkisstjórninni skylt að greiða fyrir flutningunum, og er í því skyni heimilt að taka leigunámi skip, bifreiðar og önnur farar-tæki, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ kann að vera á, flóttá-fólki til öryggis, skjóls og aðhlyningar. Um framkvæmd leigunáms sam-kvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

b. (6. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

IV. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hætt-um af hernaðaraðgerðum.

Alþingi, 25. apríl 1941.

Bergur Jónsson,  
form.

Vilmundur Jónsson,  
fundaskr., frsm.

Garðar Þorsteinsson.

Gísli Guðmundsson.

Jóh. G. Möller.